

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/130****2016/EES/44/13****frá 1. febrúar 2016****um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp
skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾, einkum 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 eru settar fram tækniforskriftir fyrir smíði, prófun, uppsetningu og skoðun stafrænna ökurita.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 ⁽²⁾ var innleiddur aðlögunarbúnaður sem bráðabirgðalausn til 31. desember 2013, til að gera kleift að setja upp ökurita, í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, í ökutæki af gerð M1 og N1.
- 3) Reglugerð (EBE) nr. 3821/85 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2014 ⁽³⁾ til að framlengja gildistíma aðlögunarbúnaðar til 31. desember 2015.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 ⁽⁴⁾ hefur komið í stað reglugerðar (EBE) nr. 3821/85. Í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 gilda ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 þó áfram, þ.m.t. I. viðauka B, til bráðabirgða fram að þeim degi þegar framkvæmdargerðirnar sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 165/2014 koma til framkvæmda.
- 5) Í 5. forsendu í reglugerð (ESB) nr. 165/2014 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin muni íhuga að framlengja gildistíma aðlögunarbúnaðar fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 til 2015 og taka til frekari athugunar langtímalausn fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 fyrir 2015.
- 6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar sem nefnist „Stafrænir ökuritar: vegvísir fyrir framtíðaraðgerðir“ ⁽⁵⁾, sem fylgdi tillögu að reglugerð (ESB) nr. 165/2014, er gert ráð fyrir 2 ára tímaramma fyrir undirbúning og aðlögun á viðaukum og viðbættum í kjölfar samþykktar reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.
- 7) Í tækniforskriftunum sem tengjast framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 ætti að mæla fyrir um varanlega lausn varðandi aðlögunarbúnaðinn. Samkvæmt meginreglunni um lögætær væntingar ætti því að framlengja möguleikann á að nota aðlögunarbúnaðinn fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 a.m.k. þar til þessar tækniforskriftir og framkvæmdargerðir hafa verið samþykktar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 frá 23. janúar 2009 um niundu aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 3).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2014 frá 30. október 2014 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtið. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 19).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

(5) COM(2011) 454 lokagerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt sem hér segir:

Í I. hluta, Skilgreiningar, í fyrsta undirlið í rr-lið, komi dagsetningin „31. desember 2016“ í stað „31. desember 2015“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
